

**Nd.**

### **131. Frumvarp**

til laga um stöðvun á verðgildi íslenskra peninga.

Flutningsm.: Tryggvi Þórhallsson, Ásgeir Ásgeirsson og Halldór Stefánsson.

#### 1. gr.

Leita skal stöðvunar á verðgildi íslenskra peninga á þeim grundvelli, að gengi þeirra gagnvart erlendum peningum sje í samræmi við kaupmátt þeirra innanlands — með því markmiði að festa endanlega verðgildi peninganna á þeim grundvelli.

#### 2. gr.

Skipa skal nefnd, sem hafi á hendi skráning á gengi íslenskra peninga og annist aðrar framkvæmdir samkvæmt lögum þessum. Í nefndinni eiga sæti 5 menn. Skipar fjármálaráðherra einn, og sje hann formaður nefndarinnar, tveir skulu tilnefndir af bönkunum, sinn af hvorum, einn af stjórn Fjelags íslenskra botnvörpuskipaeigenda í Reykjavík, og einn af stjórn Sambands íslenskra samvinnufjelaga. Nefndin er bundin þagnarskyldu.

#### 3. gr.

Gengisnefnd skal láta fara fram ítarlega rannsókn á því, hvert sje hið raunverulega verðgildi peninganna í viðskiftum innanlands. Skal nefndin því næst, innan hæfilegs tíma, færa verð krónunnar til samræmis við niðurstöðu þeirrar rannsóknar, og skal genginu haldið þar föstu. Skal nefndin síðan birta skýrslu um rannsókn sína.

#### 4. gr.

Lögreglustjóri lætur nefndinni í tje nákvæma skýrslu um magn, tegund og söluverð útfluttrar vöru jafnskjótt og skip það, er vöruna flytur, er lagt frá landi. Ennfremur getur nefndin, með samþykki fjármálaráðherra, krafist þess, að sjerhvert fjelag, stofnun eða einstaklingur, sem á erlendan gjaldeyri, þar með talin verðbrjef, þegar lög þessi öðlast gildi, eða eignast hann síðar, gefi nefndinni upplýsingar um, hve mikill hann sje og hvernig honum sje fyrir komið.

#### 5. gr.

Kostnað við nefndarstörfin greiðir ríkissjóður að  $\frac{2}{3}$ , en Landsbanki Íslands og Íslandsbanki að  $\frac{1}{3}$  hvor. Fjármálaráðuneytið úrskurðar þá reikninga.

6. gr.

Lög nr. 9, 27. maí 1925, um framlenging á gildi laga nr. 48, 4. júní 1924, um gengisskráning og gjaldeyrisverslun og breyting á þeim lögum, eru úr gildi numin.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta er samhljóða frv. því um sama efni, sem borið var fram í Nd. í fyrra, með þeim breytingum, sem á því voru gerðar við aðra umræðu. Um ástæðurnar vísast til greinargerðar þeirrar, er þá fylgdi frv., og til álits minni hluta fjárhagsnefndar, en að breyttum ástæðnum verður víkið í framsögu.